

SAMÞÝKKT

um meðferð úrgangs vegna hestahalds í Reykjanesbæ, Sandgerði, Gerðahreppi og Vatnsleysustrandarhreppi.

1. gr.

Umhverfi hesthúsa skal halda þrífalegu og frágangur lóðar vera snyrtilegur. Gerði skulu malarborin og þau girt vönduðum girðingum. Á hesthúsalóðum er óheimilt að geyma bifreiðar, dráttarvélar, hevvinnslutæki, byggingaefni og aðra lausamuni.

2. gr.

Tað og moð skal geymt í taðþró. Þróin skal vera steinsteypt og þétt. Áætla skal 1,5 m³ rými fyrir tað frá hverjum hesti. Í þróna má einungis setja hrossatað og moð sem hreinsað er úr hesthúsum og umhverfis þau.

3. gr.

Eigendur skulu láta tæma taðþrær reglulega og áður en þær yfirfyllast.

4. gr.

Taðþrær skulu tæmdar þegar hross eru komin í haga, þó ekki síðar en 1. júlí ár hvert.

5. gr.

Leitast skal við að nýta hrossatað til jarðræktar, en að öðrum kosti flytja það á mót-tökustað, sem leyfi hefur til að taka á móti slíkum úrgangi.

6. gr.

Frárennsli frá salernum skal tengjast fráveitukerfi eða leiða í rotþró og siturlögn. Um frágang rotþróa og siturlagnir er vísað til leiðbeiningabæklings Hollustuverndar ríkisins og fyriræla heilbrigðisnefndar.

7. gr.

Úrgangi skal safna saman og flytja á brott með þeim hætti að óhollusta eða óþrifnaður stafi ekki af.

8. gr.

Hættulegum úrgangi (t.d. útrunnin lyf og lyfjaleifar) skal halda aðskildum frá öðrum úrgangi og skila inn til móttökustöðvar fyrir spilliefni.

9. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum. Með broti gegn samþykkt þessari skal farið að hætti laga um meðferð opinberra mála og að öðru leyti í samræmi við ákvæði laga nr. 81/1988.

10. gr.

Framangreind samþykkt sveitarstjórna Reykjanesbæjar, Sandgerðis, Gerðahrepps og Vatnsleysustrandarhrepps staðfestist hér með skv. 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, til þess að öðlast gildi þegar við birtingu.

Umhverfiráðuneytinu, 15. janúar 1996.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir